

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/60/EBE

frá 30. júní 1993

breytingu á tilskipun 88/407/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni og um útvíkkun á henni þannig að hún gildi um nýtt nautasæði

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 88/407/EBE ⁽⁴⁾ eru sett skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni.

Í 4. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um bráðabirgðaráðstafanir vegna viðskipta með sæði úr nautum sem eru sermijákvæð gegn smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR). Þessar kröfur ber að endurskoða á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Þessi skýrsla bendir til þess að nauðsynlegt sé að útrýma smám saman fyrir 1998 nautum sem voru sermijákvæð, eða sem ekki var vitað um ástandið á, fyrir bólusetningu á stöðinni og gefa áfram kost á að bólusetja dýr í stöðvum í framtíðinni. Því ber að breyta framangreindri 4. gr.

Venjubundinni bólusetningu gegn gin- og klaufaveiki var hætt í ágúst 1991. Því er nauðsynlegt að breyta ákvæðum tilskipunar 88/407/EBE til að taka mið af þessari stefnubreytingu. Þessi breyting gerir einnig kleift að láta samhæfðar reglur gilda um viðskipti með nýtt nautasæði.

Gera ber frekari breytingar á tilskipuninni til að skýra ákveðin mál og taka mið af tækniframförum, einkum að því er varðar meðhöndlun á nautum vegna mjógyrmasóttar

og að laga reglurnar um öldusótt, berkla og hvítblæði að reglunum sem settar eru í tilskipun 64/432/EBE ⁽⁵⁾.

Kveða ber á um breytingar á viðaukunum samkvæmt málsmeðferð sem byggist á náinni samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 88/407/EBE:

1. Orðið „djúpfryst“ falli niður í fyrrisögn og í 1. gr.
2. Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin leyfa innflutning á sæði nauta sem hafa sýnt neikvæða svörun við sermihlutleysisprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) eða sýna jákvæða svörun eftir bólusetningu í samræmi við þessa tilskipun.

Aðildarríkjunum er heimilt þar til 31. desember 1998 að leyfa innflutning á sæði nauta sem hafa sýnt neikvæða svörun við sermihlutleysisprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbrots (IBR/IPV) og hafa ekki verið bólusett í samræmi við þessa tilskipun.

Í þessu tilviki skal hver sending rannsökuð með ónæmissetningu í lifandi dýr og/eða veirueinangrunarprófi.

Þessi krafa gildir ekki um sæði dýra sem sýndu neikvæða svörun við prófunum sem um getur í fyrstu undirgrein áður en þau voru fyrst bólusett á venju-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 342, 10. 12. 1992, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 72, 15. 3. 1993, bls. 153.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 108, 19. 4. 1993, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 22. 7. 1988, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/425/EBE (Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtið. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/102/EBE (Stjtið. EB nr. L 355, 5. 12. 1992, bls. 32).

bundinn hátt í sæðingarstöðinni. Þó skal gera veirueinangrunarpróf á sæði úr dýrum sem gengust undir neyðarþóluasetningu eftir uppkomu IBR.

Þessar rannsóknir mega fara fram annaðhvort í sæðistökulandinu eða viðtökulandinu samkvæmt tvíhliða samningi.

Í því tilviki verður að meðhöndla að minnsta kosti 10% af sæði úr hverri töku (með að minnsta kosti fimm stráum).

Samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr. skal semja aðferðarlýsingar á prófunum sem gera skal í samræmi við þessa grein.“

3. Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkjum er óheimilt að andmæla innflutningi á sæði úr nautum sem eru bólusett gegn gin- og klaufaveiki. Komi sæðið úr nauti sem var bólusett gegn gin- og klaufaveiki á síðustu tólf mánuðunum fyrir töku skal þó gera veirueinangrunarpróf, á rannsóknarstofu í viðtökuaðildarríkinu eða rannsóknarstofu sem það tilnefni, vegna gin- og klaufaveiki, með neikvæðri niðurstöðu, á 5% af sæði úr hverri töku (með að minnsta kosti fimm stráum) sem á að senda til annars aðildarríkis.“

4. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Ákvæðin sem eru sett í tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990, um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðisefirlits með afurðum sem eru fluttar til bandalagsins frá þriðju löndum (*), gilda um skipulagningu og framkvæmd efirlits sem aðildarríkin skulu annast svo og verndarráðstafanir.

(*) (Stjótíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjótíð. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).“

5. Ákvæði 13. og 14. gr. falli niður.

6. Við i-lið f-liðar í II. kafla í viðauka A bætist eftirfarandi:

„Einnig er heimilt að geyma djúpfrysta fósturvísa í viðurkenndum stöðvum, að því tilskildu að:

- lögbær yfirvöld heimili slíka geymslu,
- fósturvísarnir uppfylli kröfur tilskipunar ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði

á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísam húsdýra af nautgripakyni (*),

— fósturvísarnir séu geymdir í aðgreindum tilraunaflöskum á athafnasvæðum til geymslu á viðurkenndu sæði.

(*) (Stjótíð. EB nr. L 302, 19.10.1989, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 90/425/EBE (Stjótíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls 29).“

7. Í stað vii-liðar f-liðar í II. kafla í viðauka A komi eftirfarandi:

„vii) að hver sæðisskammtur sé greinilega merktur þannig að skýrt komi fram, hugsanlega með kóðamerkingu, hvaða dag sæðið var tekið, kynstofn og auðkenni gjafa, heiti stöðvarinnar og sermifræðilegt ástand gjafa að því er varðar smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum og smitandi skeiðarútbrotts. Nánari reglur um þessa merkingu eru settar í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.“

8. Í stað b-liðar 1. mgr. í I. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:

„b) hafa, áður en þeir eru settir í einangrunina sem lýst er í a-lið, verið í hjörð sem er opinberlega laus við berkla og opinberlega laus við öldusótt eða laus við öldusótt í samræmi við tilskipun 64/432/EBE. Dýrin mega ekki áður hafa verið í annarri hjörð eða hjörðum sem eru með lakari heilbrigðisviðurkenningu.“

9. Í stað fyrstu undirgreinar í c-lið 1. mgr. í I. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:

„koma úr hjörð sem er laus við smitandi nautgripahvítblæði eins og skilgreint er í tilskipun 64/432/EBE, eða kúm sem ónæmisdreifipróf með agarhlaupi vegna smitandi nautgripahvítblæðis hefur verið gert á, með neikvæðri svörun, í samræmi við viðauka G við tilskipun 64/432/EBE, eftir að dýrið hefur verið tekið úr „kúnni“. Þegar um er að ræða flutninga á fósturvísi merkir „kýrin“ ílátið sem fósturvísirinn er geymdur í.“

10. Í stað ii-liðar í d-lið 1. mgr. í I. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:

„ii) sermikekkjunarprófi sem er gert í samræmi við aðferðina sem lýst er í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE og þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millílitra eða magnaðarbindingarprófi þar sem

- talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar).“
11. Í stað i-liðar í e-lið 1. mgr. í I. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:
- „i) sermikekkjunarprófi samkvæmt aðferðinni í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE og þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millílítra eða magnaðarbindingarprófi þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar).“
12. Í síðasta málsliðar í e-lið 1. mgr. í I. kafla í viðauka B falli niður orðin „og hafa fengið meðhöndlun gegn mjógyrmasótt með tveimur streptómýsinsprautum með 14 daga millibili (25 mg á kíló af lífþyngd)“.
13. Við I. kafla í viðauka B bætist eftirfarandi:
- „6. Þó er aðildarríkjunum heimilt til 1. júlí 1995 að koma með dýr af nautgripakyni í sæðisstöð ef þau koma úr hjörðum sem eru lausar við öldusótt. Í því tilviki verður að gera magnaðarbindingarpróf á dýrunum þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar) eins og kveðið er á um í ii-lið d-liðar og i-lið e-liðar.“
14. Í stað ii-liðar 1. mgr. í II. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:
- „ii) sermikekkjunarpróf vegna öldusóttar sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 30 alþjóðlegar kekkjunareiningar á millílítra eða magnaðarbindingarpróf þar sem talning á öldusóttarsýklum sýnir færri en 20 EBE-einingar á millílítra (20 ICFT-einingar).“
15. Í stað iii-liðar 1. mgr. í II. kafla í viðauka B komi eftirfarandi:
- „iii) skimunarpróf vegna smitandi nautgripahvítblæðis, sem er gert í samræmi við aðferðina í viðauka G við tilskipun 64/432/EBE, með neikvæðri niðurstöðu;“
16. Í iv-lið 1. mgr. II. kafla í viðauka B falli orðin „til 31. desember 1992“ niður.
17. Í stað 3. undirgreinar í 3. mgr. II. kafla í viðauka B komi eftirfarandi undirgreinar:
- „Þessi ákvæði gilda ekki um sermijákvæð naut sem sýndu neikvæða svörun við sermihlutleysisprófi eða ELISA-prófi vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum eða smitandi skeiðarútbrotts áður en þau voru fyrst bólusett í samræmi við þessa tilskipun í sæðingarstöð.
- Sermijákvæð naut sem um getur í annarri undirgrein í 1. mgr. 4. gr. verður að einangra þar sem heimilt er að hafa viðskipti með sæði þeirra innan bandalagsins í samræmi við ákvæði um viðskipti með sæði úr slíkum nautum.“
18. Í stað b-liðar 1. mgr. í viðauka C komi eftirfarandi:
- „b) i) hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki á síðustu tólf mánuðunum fyrir töku, eða
- ii) hafa verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki á síðustu tólf mánuðunum fyrir töku, í því tilviki skal gera veirueinangrunarpróf vegna gin- og klaufaveiki, með neikvæðri niðurstöðu, á 5% af sæði úr hverri töku (með að minnsta kosti fimm stráum);“.
19. Í stað d-liðar 1. mgr. í viðauka C komi eftirfarandi:
- „d) hafa verið í viðurkenndri sæðisstöð í að minnsta kosti 30 daga óslitið fyrir sæðistöku þegar um er að ræða töku á nýju sæði;“
20. Í stað f- og g-liðar í 1. mgr. í viðauka C komi eftirfarandi:
- „f) hafa verið í sæðisstöðvum sem eru lausar við gin- og klaufaveiki í að minnsta kosti þrjá mánuði fyrir sæðistöku og 30 daga eftir töku eða, ef um er að ræða nýtt sæði þar til það er sent, og eru á miðbiki svæðis með 10 kílómetra radíusi þar sem ekkert gin- og klaufaveikilífelli hefur komið upp í að minnsta kosti 30 daga;
- g) hafa verið í sæðisstöðvum sem 30 dögum fyrir sæðistöku og 30 daga eftir töku eða, ef um er að ræða nýtt sæði þar til það er sent, hafa verið laus við tilkynningarskylda nautgripasjúkdóma samkvæmt viðauka E við tilskipun 64/432/EBE;“
21. Í stað i-liðar 3. mgr. í viðauka C komi eftirfarandi:
- „i) geymt við viðurkennd skilyrði í að minnsta kosti 30 daga fyrir sendingu. Þessi krafa gildir ekki um nýtt sæði;“
22. Í iii-liðar 4. mgr. í IV. lið í viðauka D komi orðið „taka“ í stað orðsins „sending“.

23. Í stað 5. mgr. í IV. lið í viðauka D komi eftirfarandi:

„5. sæðið sem lýst er hér að framan var tekið úr nautum:

- i) sem hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki á síðustu tólf mánuðunum fyrir töku⁽¹⁾, eða
- ii) sem hafa verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki á síðustu tólf mánuðunum fyrir töku, í því tilviki skal veirueinangrunarpróf hafa farið fram á rannsóknarstofunni ...⁽²⁾ vegna gin- og klaufaveiki, með neikvæðri niðurstöðu, á 5% af sæði úr hverri töku sem á að hafa viðskipti með (með að minnsta kosti fimm stráum);“

24. Við IV. lið í viðauka D bætist eftirfarandi:

„6. sæðið var geymt við viðurkennd skilyrði í að minnsta kosti 30 daga fyrir sendingu⁽³⁾.“

25. Í 2. neðanmálgrein komi „4. gr.“ í stað orðanna „aðra undirgrein 1. mgr. 4. gr.“

26. Við viðauka D bætist eftirfarandi 3. neðanmálgrein: „⁽³⁾ Heimilt að fella niður sé um að ræða nýtt sæði.“

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir 1. janúar 1998 senda ráðinu skýrslu um þessa tilskipun er byggist á fenginni reynslu

og framförum á sviði tækni og vísinda, einkum að því er varðar baráttu gegn sjúkdómum og útrýmingu þeirra, ásamt tillögum þar að lútandi. Ráðið skal taka afstöðu til þessara tillagna með auknum meirihluta fyrir 30. júní 1998.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1994. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

S. BERGSTEIN

forseti.